



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4. tbl. 2003, - 13. árg.
September 2003

Ungt fólk og vímuefni, lífsleikni og fleira

Mummi í Götusmiðjunni (Guðmundur Týr Þórarinnsson) áhugamaður um ungt fólk og einn af stofnendum Götusmiðjunnar á Íslandi verður í Lúxembúrg mánudaginn 29. september og þriðjudaginn 30. september.

Hann verður með opin fund á hótél IBIS Findel mánudaginn 29. september kl. 20:30. Fundurinn er ætlaður foreldrum og öðrum sem áhuga hafa á að fræðast um Mumma, störf hans með ungu fólki og Götusmiðjuna. Aðgangur er ókeypis.

Þriðjudaginn 30. september býður hann öllum á aldrinum 12-25 ára að hitta sig á sama stað klukkan 16:00.

Mummi vonast til að sjá sem flesta því erindið er fróðlegt og höfðar til allra sem vilja láta sig slík mál varða. Einnig verður hægt að ræða einslega við Mumma á meðan á heimsókn hans stendur en tengiliður hans er María Karlsdóttir Huesmann í síma 358 556.

Sjá nánar pistil um Götusmiðjuna á blaðsíðu 2.

Í þessu blaði:

| | |
|----------------------------------|---|
| <i>Ungt fólk og vímuefni</i> | 1 |
| <i>Alþjóðlegt karaokékvöld</i> | 1 |
| <i>Echternach-ganga</i> | 1 |
| <i>Messa og fermingarfærðsla</i> | 1 |
| <i>Um Götusmiðjuna</i> | 2 |
| <i>Golfmót félagsins</i> | 2 |
| <i>Íslenskuskólinn</i> | 3 |
| <i>Spuni</i> | 3 |
| <i>Frá ritstýru</i> | 3 |
| <i>Litlu dalkarnir</i> | 4 |
| <i>Netfanginn</i> | 4 |

Alþjóðlegt karaoké kvöld

Útlendinganevnd Junglinster (Commission Consultative pour Résidents Etrangers) stendur fyrir alþjóðlegu Karaoké kvöldi þann 27. september, kl. 20:30 í gamla skólanum í Junglinster.

Solla og Helga

Vel sótt þjóðhátíðar-skemmtun

Í ár byrjaði þjóðhátíðardagur Íslands, sem haldin var 21. júní í Luxembourg, á því að fyrsta kvennahlaup félagsins var hlaupið. Hlaupin var hringur í Trim Parc-cour í Walferdange.

Þátttakendur voru 27 konur og 16 börn.

Kaupþing í Lúxembúrg styrki hlaupið með því að greiða fyrir boli og verðlaunamedaliur sem fengnar voru frá Íþróttasambandi Íslands. Þátttakendur eldri en 12 ára borguðu 10 evrur í þáttökugjald og var ákveðið að veita ágóðanum til styrktar velgerðarsamtökum sem síðar yrðu valin.

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins var svo haldin á grasflötinni í Munsbach og hófst kl. 14:00. Börnin fengu blöðrur sem Terri Properties gaf til skemmtunarinnar, seldar voru pylsur og íslenskt sælgæti.

Stavros Evangel-etc (Starvors) og Þorsteinn Þorbergsson önnuðust leiki fyrir börn og fullorðna sem tókust ákaflega vel.

Lambakjötið grilluðu Ingi Sölvi Arnarson og Bjössi Guðmanns. Salatið var höndum Siggu, Siggu og Bjargar og kartöflusalatið gerðu systurnar óaðskiljanlegu Stella, Magga Rós og Solla. Hljómsveitin "Hljómsveit Agnars Sigurvinssonar en hann er í frii" var í frii svo upp tróðu Atli á gítar, Lárus bassi og Davíð gítar við mikinn fögnuð og gleði samkomugesta. Ingi Gutt risapotflugstjóri og umsjónarmaður tjalds félagsins stóð sig sem hetja og tjaldaði öllu sínu og á hann skildar miklar þakkir fyrir.

Stjórn félagsins var sammála um að vel hefði tekist til og vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plög kærlega fyrir alla veitta aðstoð.



Á döfinni:

- Alþjóðlegt Karaoké kvöld 27. september, sjá bls. 3
- Echtenachgangan 28. september, sjá bls.3
- Mummi í Götusmiðjunni 29 og 30 september, sjá bls.2.
- Íslenskuskólinn byrjar 30. september, sjá bls 3.
- Messa 5. október, sjá bls. 3
- Félagsvist fyrirhuguð 13. október, auglýst síðar.
- Jólábíngó 7. des, auglýst síðar

Echternach gangan

Echternach ganga félagsins verður sunnudaginn 28. september kl. 14:00. Hittumst á bílastæðinu fyrir norðan vatnið tilvalið að taka hjólin, línuskautana eða hlaupahjólina með fyrir börnin. Ef vel viðrar verðum við með kol og grill grindur svo takið endilega pylsur eða eitthvað gómsætt með á grillið.

Stjórnin

Messa og fermingarfærðsla

Messa verður haldin í Mótumælendakirkjunni sunnudaginn 5. október kl. 14:00, séra Jón A. Baldvinsson vígslubiskup á Hólum messar.



Fermingarfærðsla verður haldin dagana 2., 5. og 6. október. Vinsamlega skráið fermingarbörn hjá Solla í síma 789 341 eða 091 789 341. Solla mun láta vita um staðsetningu og tíma.

Kirkjunefndin



Um Götusmiðjuna

Götusmiðjan er meðferðarheimili að Árvöllum á Íslandi. Forsögu Götusmiðjunnar má rekja til Mótorsmiðjunnar. Mótorsmiðjan var hugsuð sem sérhæfð félagsmiðstöð fyrir ungt fólk undir 16 ára sem af einhverri ástæðu átti erfitt með að falla inni hefðbundið samfélagsmynstur. Kynnin af þessu starfi leiddi í ljós að aldurshópurinn 16-18 ára vantaði sambærilegt stuðningsúrræði tengt atvinnu. Í góðri trú um að Mótorsmiðjan fengi að lifa ákvað Guðmundur Týr, annar af stofendum, að stofna Mótorsendla ásamt konu sinni Marsibil Sæmundsdóttur.

Mótorsendlar voru hugsaðir sem stuðnings- og atvinnuúrræði. Starfsemin virkaði mjög vel fyrir unglingana en gekk ekki upp fjárhagslega. Mikið af ungu fólki var farið að nýta sér Mótorsendla sem athvarf og félagsmiðstöð, flest þeirra voru á götunni.

Um júlín 1997 settu Guðmundur Týr og Marsibil upp athvarf í Skeifunni fyrir ungt fólk á götunni og skýrðu það Götusmiðjan. Tveimur mánuðum síðar, þegar athvarfi Götusmiðjunnar var lokað, höfðu um sextíu ungmenni heimsótt athvarf Götusmiðjunnar og þar af ellefu farin í vímuefnameðferð í kjölfar þess stuðnings sem þar var boðið upp á.

Reynslan af starfsemi athvarfsins í Skeifunni benti til þess að mikil þörf væri á sérhæfðu meðferðarúrræði fyrir unga vímuefnaneytendur.

Vorið 1998 hóf Götusmiðjan rekstur meðferðarheimilsins Virkið fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Í lok árs 1999 flutti Götusmiðjan meðferðarheimilið í veglegan húsakost að Árvöllum, Kjalarnesi, þar sem rými er fyrir 18 skjólstaðinga.

Markmið Götusmiðjunnar er að aðstoða ungt fólk sem hefur leiðst út úr hinum hefðbundna samfélagsramma og inn í heim fíkniefna og afbrota, til að fóta sig og koma lífi sínu í jákvæðan farveg.

Áhersla er lögð á að einstaklingurinn ber alltaf ábyrgð á sjálfum sér og er það skilyrði fyrir meðferð að ósknin komi frá unglíngnum. Meðferðartíminn er einstaklingsbundinn en er lágmark 10 vikur og lengst 12 mánuðir. Meðferðarstarfið samanstendur af hugrænni atferlismeðferð, lífsleikninámi, meðferðarfundum, einstaklingviðtölum, fyrilestrum, verkefnavinnu, tómstundum, hreyfingu og útivist. Rík áhersla er lögð á þátttöku foreldra í meðferðinni, m.a. með vikulegum foreldrafundum og reglulegum einkaviðtölum, ýmist með eða án þátttöku nemenda.

Eftir útskrift tekur við eins árs eftirmeðferð. Markmið hennar er að styrkja og leiðbeina skjólstaðingnum í að lifa ábyrgu og skemmtilegu lífi án vímuefnabætur. Eftirmeðferðin felur í sér skemmtilegt félagslíf ásamt þéttri aðhaldi, vikulegum grúppum, viðtölum og ráðgjöf.

Um síðustu áramót var eftirmeðferðin eflð verulega og í kjölfarið hefur þátttaka nemenda farið fram úr björtustu vonum og aukist um 150%.

Starfsmenn Götusmiðjunnar eru um 17 talsins, samanstendur af hæfu hugsjónafólki með menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfinu.

Götusmiðjan er með heimasíðuna www.gotusmiðjan.is.

Nánari upplýsingar um starfsemi Götusmiðjunnar gefur María Karlsdóttir Huesmann í síma 358 556.

Molar

Skólafrí veturinn 2003-2004.

Októberfrí
laugardagur 25. októbersunnudags
2. nóvember.

St. Nikolaustag
laugardagur 6. desember.

Jólafrí
laugardagur 20. desember—
sunnudags 4. janúar.

Karnivalfrí
laugardagur 21. febrúar—
sunnudags 29. febrúar.

Páskafrí
laugardagur 3. apríl—sunnudags
18. apríl.

Laugardagur 1. maí.

Uppstigningadagur "Christi
Himmelfahrt"
fimmtudagur 20. maí.

Hvítasunnufri
laugardagur 29. maí—sunnudags
6. júní.

Þjóðhátíðardagur Lúxembourgar,
miðvikudagur 23. júní.



KAUPTHING BANK
Luxembourg

Annað golfmót félagsins heppnaðist vel

Golfmót Félags Íslendinga í Luxembourg var haldið dagana 26. og 27. apríl. 20 leikmenn mættu til keppni og var dæmigert Íslandsveður báða dagana.

Sigurvegur voru:

Konur:

1. sæti Sigríður Aradóttir 27 punktar
2. sæti Sólveig Stefánsdóttir 26 punktar
3. sæti Salvör Þormóðsdóttir 24 punktar

Karlar:

1. sæti Snorri Loftsson 33 punktar
2. sæti Gylfi Tryggvason 32 punktar
3. sæti Þórður Sæmundsson 31 punktar

Lengsta teighögg kvenna:

Salvör Þormóðsdóttir

Lengsta teighögg karla:

Björn Finnbjörnsson.

Nándarverðlaun:

Konur: Monica Löfgren.
Karlar: Snorri Loftsson.

Á sunnudeginum var svokölluð "Texas scramble" liðakeppni.

I sæti:
Björn Finnbjörnsson, Þorsteinn Þorsteinsson,
Sólveig Stefánsdóttir og Drífa
Sigurbjarnardóttir. Lék liðið á 67 höggum.



Íslenskuskólinn

Íslenskuskólinn hefst þriðjudaginn 30. sept. Kennnt verður á sama stað og undanfarna vetur í Godbrange. Kennslan hefst kl. 13:15 og líkur kl. 15:15.

Börnunum verður skipt í tvo hópa, í yngri hópnum eru 5-7 ára börn og í eldri hópnum eru 8-12 ára börn. Til aðstoðar í yngri hópnum verður Elísabet Anna Finnbogadóttir.

Börnin eiga að mæta með pennaveski og eina möppu.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að skrá börnin í íslenskuskólann á netfanginu rachelh@binet.is.

Þar á að koma fram nafn barnsins, fæðingardagur og ár, heimilisfang og sími ásamt nafni foreldris. Einnig er hægt að hringja í síma 26 747 298 og skrá börnin.

Hlakka til a sjá sem flesta,

Kær kveðja,

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir

Kennt verður:

30. sept. yngri hópur
7. okt. eldri hópur
14. okt. yngri hópur
21. okt. eldri hópur
4. nóv. yngri hópur
11. nóv. eldri hópur
18. nóv. yngri hópur
25. nóv. eldri hópur
2. des. jólatími allir mæta.

Lífshættir og hamingja kvenna

Konur yfir fimmtugt eignast ekki börn. Þær mundu aldrei muna hvar þær lögðu þau frá sér.

Ein ráðgáta lífsins er hvernig 750 gr af konfektí verða 2 kg af konu.

Ég læt hugann reika..., en stundum yfirgefur hann mig.

Besta leiðin til þess að gleyma öllum vandræðum, er að ganga í of þröngum skóm.

Hið góða við að búa í litlum bæ, er að þegar ég veit ekkert hvað ég er að gera, veit einhver annar það.

Með aldrinum verður erfiðara að léttast. Árin, líkaminn og fitan bindast vináttuböndum.

Ég var akkúrat að sættast við gærdaginn, en þá kom þessi dagur.

Stundum finnst mér ég skilja allt, en svo kemst ég aftur til meðvitundar.

Ég hætti að skokka mér til heilsubótar þegar hitinn af læranúningnum kveikti í sokkabuxunum.

Undarlegt! Ég hengi eitthvað upp í skáp og eftir smátíma hefur það hlaupið um tvö númer!

Horrenglur pirra mig! Sérstaklega þegar þær láta út úr sér hluti eins og: "Veistu, stundum bara gleymi ég að borða." Sko, mér hefur tekist að gleyma hvar ég á heima, hvar ég lagði bílnum, hvers dóttir mamma er og hvar ég setti lykl-

ana, En ég hef aldrei gleymt að borða. Hvílik heimska: Að gleyma að borða!

Vinkona mín tók feil á pillunni sinni og valíúminu sínu. Hún á orðið 14 börn, en henni er eiginlega alveg sama.

Vandi sumra kvenna er að þær æsast upp útaf einhverju ómerkilegu og giftast því svo.

Það stóð í grein að dæmigerð einkenni streitu væru: Að borða of mikið, kaupa allt sem manni dettur í hug og að aka of hratt. Er ekki í lagi með þetta lið? Þetta er það sem gefur lífi mínu gildi.

Ég hef komist að leyndarmáli fatanna frá Victoria's Secret. Leyndarmálið er að engin eldri en þritug passar í þau.

Símaskrá FÍL

Félagið er nú að leggja síðustu hönd á símaskrána.

Allir þeir sem munu flytja á næstunni eða eru nýfluttir vinsamlegast sendið okkur línu fyrir 5. október svo við getum lagfært áður en símaskráin fer í prentun.

Einnig viljum við benda á að enn eru nokkur góð pláss til auglýsinga í skránni.

Vinsamlegast sendið breytingar, texta, auglýsingar og annað á formadur@icelux.com. Stjórnin

Spuni

Nú hefst vetrarstarfið hjá leikklúbbum.

Við byrjum á að halda aðalfund þriðjudaginn 7. október kl. 20:30 í Top Squash í Sandweiler.

Svo ætlum við að halda áfram í spinning í vetur. Spinning er á fimmtudagsmorgnum kl. 9:15 – 10:15 hjá Kevin í Top Squash.

Hver veit svo hvenær við byrjum að spinna sögur fyrir næsta þorrablót!!!

Þeir sem hafa áhuga á að vera með í næsta stykki endilega hafi samband við stjórn félagsins sem fyrst svo þeir geti verið með frá upphafi.

Nánari upplýsingar fást hjá stjórn leikklúbbsins Spuna, sjá blaðsíðu 4.



La Leche League Luxembourg's haustsala

Haldin verður hin árlega haustsala hjá La Leche League Luxembourg's laugardaginn 4. október í Centre Culturel de Beggen.

Húsið opnar 10:30 og er opið til 15:00. Þarna er hægt að kaupa notuð föt, leikföng og ýmislegt fleira fyrir ungabörn, krakka og verðandi mömmur.

Þeir sem vilja gefa hluti til að selja eða biðja þær að selja fyrir ykkur hafið samband við Beverly Atkinson í síma 710 861 eða á netfang batkinson@internet.lu.

Frá ritstýru

Stjórn félagsins er búin að gera drög að helstu verkefnum vetrarstarfsins og leikklúbburinn Spuni er að setja sig í startholurnar fyrir átök vetrarins.

Svo hefst Íslenskuskólinn í lok mánaðarins undir stjórn Rakelar Steinvarar sem fyrr og verður áhugavert að fylgjast með krökkunum í vetur.

Ég vil hvetja foreldra til að láta ekki deigan síga og skrá börnin sín í námið því að þau munu búa að því um ókomna tíð hvort heldur sem þau halda til Íslands síðar eður ei.

Verið ófeimin að senda mér efni í blaðið í vetur, sendið mér tölvupóst með efninu minnst viku fyrir útgáfudag og fyrirtæki

sem einstaklingar geta sett efni og auglýsingar sem pláss leyfir.

Útgáfudagar næstu blaða: 13. október, 10. nóvember, 1. desember, 12. janúar, 1. mars og 29. mars.

Bestu kveðjur,
Matthildur Kristjánsdóttir
formadur@icelux.com



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-41
Fax +352 787 077-31

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjaldddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.icelux.com

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2003-2004

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, formadur@icelux.com
Kolbrún Eir Óskarsdóttir, ritari, 2636 1204, 021 769 550, ritari@icelux.com
Elín Egilson, gjaldkeri, 2636 0911, gjaldkeri@icelux.com
Atli Guðmundsson, meðstjórnandi, 26 480 644, 021 630 692
Móa Sigurðardóttir, meðstjórnandi, 021 218 546
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747

Stjórn Kirkjunefndar 2003-2004

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Loftsson, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 077-1, matthildur@reynisson.com
Bryndís Kristjánsdóttir, ritari, 341 882, arnarsjo@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, ekrkaja@pt.lu

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@binet.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón.

Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.



NETFANGINN BENDIR Á:

Landsbankinn uppá Klaka keypti bí bí bankann sem hét Bunadarbanki International í einni bunu því það má ekki skrifa ú eða þodn í útlöndum og borguðu helling af evrum fyrir. Og þá var nafninu breytt í Landsbanki Luxembourg því það eru ekki neinar kommur eða þodn í Landsbankanum. Og þess vegna fer hann Þorsteinn (Steini því þodn er bannað) tölvugúru og brandarakall að fá nýtt netfang og getur hlegið enn hærra en fyrr. Gamla netfangið var altof væmið og hvað stendur svo bí fyrir eiginlega? Jú það er rétt, Netfanganum var ekki boðið í opnun nýja bankans.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Óskilamunir

Silfur tertuhnifur er hjá Matthildi. Hefur sjálfsagt gleymst einhverntíma í einhverju kaffinu. Hafið samband í sími 787 0771 ef þið eigið hann.

Til sölu

BMW 320i, árgærd 93, ekinn 220 þúsund km, blár metallic, leður, loftkæling, cd o.fl. Einn eigandi frá upphafi. Skoðaður 05.2003. Verð 5000 evrur eða tilboð. Hermann 021 375 700

Teutonia barnavagn með kerrueiningu til sölu einnig bílstóll frá Chicco. Matthildur 021 142 060

Leikfimi

Leikklúbburinn Spuni spinnur saman á fimmtudagsmorgnum frá 9:15—10:15. Nokkur hjól eru laus. Áhugasamir hafi samband við Kötu 26 780 257 eða Möttu 787 0771.

Símaskrá

Breytingar

Magnús Guðmundsson
Lovisa María Gunnarsdóttir
15 rue Neuve
L-6137 Junglinster
Sími: 788 337
Gsm Maja: 091 352511
Gsm Maggi: 021 288938
Netfang: mogm@pt.lu

Ólafur Guðmundsson
Ulrike Hettler
Elbilnring 11
D-54457 Wincheringen
Sími: +49 6583 993284
Ólafur gsm: 021 156 555
Ulrike gsm: 021 273 991
netfang:
ulrikehettler@t-online.de

Ásmundur Garðarsson
Jónína Hjörleifsdóttir
14 Soibelwee
L-5335 Moutfort
Sími: 26 350 778

Eggert J. Hilmarsson
Elín Egilson
19 Op der Tonn
L-6188 Gonderange

Björn Jónsson
Sigríður Jóna Berndsen
36 Op der Tonn
L-6188 Gonderange
Gsm Sigga: 021 323 482
Netfang: bs@pt.lu

Gísli Sigurjónsson
Krisín Ólafsdóttir
23 rue des Verges
L-6488 Echternach

Fanny Kristinsdóttir
12 rue de la Liberté
L-4754 Petange

Halldór Brynjarsson
31 rue des Romains
L-6646 Wasserbillig

Jón Björgvin Björnsson
Bryndís Hauksdóttir
100 route de Remich
L-5330 Moutfort
Sími: 26 745 926
Gsm: JBJ 021 225 164
Gsm: BH 021 225 163

Ragna Árný Lárusdóttir
19a rue Principale
L-5240 Sandweiler

Rúnar Russel
Þóra Karlsdóttir
Sími: 26 945 105

Heimir Ásmundsson
1 avenue de la Liberation
L-3850 Schifflange

Nýir meðlimir

Þorvaldur Ásgeirsson
Eva Hrönn Jónsdóttir
7 op Flohr
L-6726 Grevenmacher
Sími 26 745 636
Gsm 021 501 392
Netfang: doddi7@hotmail.com